

40. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 11.09 2012, kl. 13.30

Mættir: Jóhann Þórhallsson, Anna Jóna Árnarsdóttir, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Magnhildur Björnsdóttir 1. varamaður og Jónas Hafþór Jónsson 4. varamaður.

Þorvarður og Lárus boðuðu forföll.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Landamerki í Fljótsdalshreppi, skil á verkefni : *Skarphéðinn S. Þórhallsson frá Mannvit verkfræðistofu*

2. Skýrsla oddvita

3. Fjallaskarð

- a) Verkfundargerð 21.08 ásamt úttektarskýrslum
- b) Uppgjör vatnsveitu og girðingaframkvæmda

4. Miðvangur 6

Verkfundargerð 09.08

5. Refa-og minkaveiðar, erindi verkefnastjóra SSA 28.08

6. Vega-og slóðaf framkvæmdir

7. Aukaaðalfundur Menningarráðs Austurlands, Borgarfirði eystra, 14.09 2012

8. Aðalfundur SSA Borgarfirði eystra, 14-15.09 2012

9. Bréf

- a) Helgi Hallgrímsson 11.08
- b) Jafnréttisstofa dags. 27.07 2012
- c) Fjárlaganefnd Alþingis dags. 03.09 2012
- d) Jöfnunarsjóður sveitarfélaga dags. 01.08 2012
- e) Jöfnunarsjóður sveitarfélaga dags. 03.09 2012
- f) Umhverfis-og auðlindaráðuneytið dags. 03.09 2012
- g) Héraðsskjalasafn Austfirðinga dags. 05.09

10. Umhverfisstyrkir

- a) Hallgrímur Þórhallsson og Anna Bryndís Tryggvadóttir, Brekku
- b) Eiríkur og Matthildur, Arnheiðarstöðum

11. Fjárbeiðnir

12.Fundargerðir

- a) Skógarorka 15.08
- b) Skólanefnd Hallormsstaðaskóla 27.08
- c) Fjallskilanevnd 03.09
- d) Samgöngunefnd SSA 03.09

13.Önnur mál

1. Landamerki í Fljótsdalshreppi, skil á verkefni

Skarphéðinn S. Þórhallsson frá Mannvit verkfræðistofu var mættur til fundar við sveitarstjórn. Skarphéðinn fór yfir gögn varðandi landamerkjaskráninguna. Vinnu á vegum Mannvits er lokið og gögn til þinglýsingar bíða undirskriftar landeigenda á skrifstofu Mannvits. Landeigendur fá send gögn yfir sínar jarðir á næstu dögum. Skarphéðni þakkað og hann yfirgaf fundinn 14:10.

2. Skýrsla oddvita til sveitarstjórnar 11.09 2012

Staða verkefnisins :Hengifoss-skipulag-hönnun og framtíðarsýn. Mannvit hefur lokið mælingum og skilað hefur verið inn til Ferðamálastofu framvinduskýrslu. Næstu skref eru söfnun upplýsinga og stefnumótunaratriði.

Sveitarfélagsskilti/vegskilti eru tilbúin hjá framleiðanda og stefnt að því að þau verði sett upp á sveitarfélagsmörkum í haust.

Ríkiskaup hafa ákveðið að fella niður árgjald stofnana. Áfram verður valkvætt fyrir sveitarfélög að vera aðilar að rammisamningskerfi Ríkiskaupa.

Sótt var um styrk til Óbyggðasafns úr Styrktarsjóði EBÍ, í samstarfi við forsjármenn safnsins.

Fjármálaráðuneytið óskar eftir tilnefningu til nýsköpunarverðlauna í opinberri þjónustu og stjórnsýslu og auglýsir Nýsköpunarráðstefnu í Reykjavík 30. október n.k.

Umhverfisstofnun vekur athygli þeirra sem skipuleggja og sjá um leitir ,á reglum um akstur utan vegar.

Skrið hefur verið undir samning við Landmótun um endurskoðun aðalskipulags. Áætlað er að hefja vinnuna með kynningarfundum í sept/okt.

Árlegri prófun á brunakerfi í Végarði er lokið. Engar athugasemdir voru gerðar af úttektaðila, en ákveðið í samráði að bæta við slökkvitæki í kjallara þar sem mikið er af rafbúnaði.

Samkvæmt yfirliti Jöfnunarsjóðs um uppgjör á framlögum til sveitarfélaga árið 2012 vegna lækkaðra fasteignaskattstekna, er úthlutað framlag Fljótsdalshrepps kr. 1.792.097,-

Fasteignafulltrúi Fljótsdalshéraðs hefur viðrað þá hugmynd að safna saman viðhaldsfé Hallormsstaðaskóla í einhver ár, eða aðildarsveitarfélögin auki við það tímabundið svo mögulegt

verði að ráðast í allumfangsmiklar viðhaldsframkvæmdir í skólastofum grunnskólans, sem brýn þörf er á.

Velferðarvaktin minnir sveitarstjórnir á að tryggja velferð barna og huga að líðan þeirra í upphafi skólaárs.

Starfsfólk Sambands íslenskra sveitarfélaga og stjórn sambandsins huga að sameiginlegum hagsmunum sveitarfélaga og veita umsagnir varðandi ýmis mikilsverð mál, s.s. endurskoðun vegalaga, landsskipulagsstefnu, skipulagsreglugerð og landsáætlun um úrgang. Umsagnir og fundargerðir nefnda er hægt að kynna sér á heimasíðu sambandsins www.samband.is

3. Fjallaskarð.

a) Verkfundargerð 21.08 ásamt úttektarskýrslum

b) Uppgjör vatnsveitu og girðingaf framkvæmda

Kynnt gögn í úttektarskýrslu kemur fram að sennilega þarf að bæta við lindarbrunni í vatnsveituna næsta sumar. Umsömdum verkum er lokið og gert hefur verið upp við verktaka.

4. Miðvangur 6. Verkfundargerð 09.08.

Verki er að mestu lokið til afhendingar. Næsti verkfundur verður 12.9. n.k. Fyrirhugað er að funda með Félagi eldri borgara og Félagsþjónustunni til að fara yfir mál sem snúa að afhendingu og nýtingu.

5. **Refa- og minkaveiðar, erindi verkefnastjóra SSA 28.08.** Samþykkt að tilnefna Lárus Heiðarsson sem fulltrúa Fljótsdalshrepps í vinnuhóp á vegum SSA til fara yfir samræmingu á greiðslufyrirkomulagi fyrir refa- og minkaveiðar.

6. **Vega- og slóðaf framkvæmdir.** Einar Guðsteinsson tók að sér að bera mól í kafla á Klausturselsleið neðan við Vegufs. Ekki er gert ráð fyrir frekari framkvæmdum á slóðinni á næstu árum.
Varaoddviti fundaði með fulltrúum Vegagerðarinnar í ágúst varðandi vegaf framkvæmdir í Norðurdal. Niðurstaða varð um að Fljótsdalshreppur ráði Brynjólf Guttormsson til að sjá um mælingar, hönnun, eftirlit og verkstjórn á verkinu og ráði verktaka. Vegagerðin hefur yfirumsjón með verkinu. Samþykkt að ráða Brynjólf Guttormsson. Áætlað að hann hefji störf 18. september.

7. **Aukaaðalfundur Menningarráðs Austurlands, Borgarfirði eystra, 14.09 2012.** Óskað eftir tilnefningu fulltrúa á fundinn. Gunnþórunn tilnefnd sem fulltrúi. Lárus Heiðarsson varamaður.

8. **Aðalfundur SSA Borgarfirði eystra, 14-15.09 2012.** Gunnþórunn fulltrúi Fljótsdalshrepps á aðalfund SSA og Lárus Heiðarsson varamaður.

9. Bréf

a) Helgi Hallgrímsson 11.08. Kynnt

b) Jafnréttisstofa dags. 27.07 2012. Kynnt og oddvita falið að svara erindinu.

- c) Fjárlaganefnd Alþingis dags. 03.09 2012. Samþykkt að óska ekki eftir fundi með fjárlaganefnd að þessu sinni.
- d) Jöfnunarsjóður sveitarfélaga dags. 01.08 2012. Kynnt. Varðar jöfnunarframlög 2012 sem verða óskert.
- e) Jöfnunarsjóður sveitarfélaga dags. 03.09 2012. Ársfundur boðaður 26. september í Reykjavík.
- f) Umhverfis-og auðlindaráðuneytið dags. 03.09 2012. Verið er að undirbúa heildstætt frumvarp til náttúruverndarlaga. Umsagnarfrestur er til 25. september. Frumvarpið er hægt að nálgast á heimasíðu ráðuneytisins á slóðinni:
<http://www.umhverfisraduneyti.is/frettir/nr/2193>
- g) Héraðsskjalasafn Austfirðinga dags. 05.09. Fjallað var um rekstur safnins sem er erfiður. Framlög til safnsins hafa lækkað í krónum talið frá árinu 2008. Forstöðumaður telur brýnt að aðildarfélög safnins ákveði hvað þau hyggist fyrir með Héraðsskjalasafnið til framtíðar.

10. Umhverfisstyrkir.

Jóhann yfirgaf fund vegna vanhæfis.

Hallgrímur Þórhallsson og Anna Bryndís Tryggvadóttir, Brekku. Samþykktur hámarksstyrkur.

Jóhann kom aftur til fundar.

Eiríkur og Matthildur, Arnheiðarstöðum. Samþykktur hámarksstyrkur.

11. Fjárbeiðnir

Íþróttasamband lögreglumanna. Hafnað.

12. Fundargerðir

- a) Skógarorka 15.08. Kynnt
- b) Skólanefnd Hallormsstaðaskóla 27.08. Kynnt. Aðalfulltrúar Fljótsdalshrepps í skólanefnd Hallormsstaðarskóla eru: Þorvarður Ingimarsson og Hallgrímur Þórhallsson. Varamaður er Lárus Heiðarsson. Lárus og Hallgrímur mættu á fundinn en nafn Hallgríms vantar í fundargerð. Oddvita falið fá það lagfært.
- c) Fjallskilanevnd 03.09. Sótt er um fjárveitingu frá sveitarfélaginu vegna smölunar á Hraunum fyrir 7 menn. Kostnaður u.þ.b. 175.000.- Samþykkt.
- d) Samgöngunefnd SSA 03.09. Samþykkt að styðja tillögur nefndarinnar til SSA þings.

13. Önnur mál.

- a) Anna Bryndís og Hallgrímur á Brekku munu sjá að mestu um skólakstur í vetur.
- b) Oddviti kynnti Fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna 2012 sem verður 27. – 28. september í Silfurbergi Hörpu.

- c) Landsvirkjun stefnir á skoðunarferð með sveitarstjórn og byggingarnefnd um Sauðárveitu 2. október ef veður leyfir.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 18:50

Magnhildur ritaði fundargerð í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfsdóttir (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)

Magnhildur Björnsdóttir (sign)

Jónas Hafþór Jónsson (sign)